

9.-12. FEBRÚAR 2012

Vetrarhátíð

í Reykjavík



Reykjavíkurborg



BANKI

orkusalan



www.vestrarhatid.is

Rafmögnuð náttúra

Rafmögnuð náttúra er yfirskrift opunaratriðis Vetrarhátíðar í Reykjavík í ár. Höfundurinn að atriðinu er arkitektinn Marcos Zotes en tillaga hans vann samkeppni Höfuðborgarstofu og Orkusölnunar.

Marcos Zotes býr og starfar í New York en hefur sterk tengsl til Íslands. Hann kom hingað fyrst fyrir tíu árum, á íslenska konu og saman eiga þau einn dreng. Fjölskyldan bjó á Íslandi í nokkur ár áður en hún flutti til New York. Þau koma reglulega í heimsókn en Marcos kennir einnig kúrsa við Listaháskóla Íslands.

„Ísland heillar mig á svo margan hátt, ekki bara fyrir einstaka náttúru heldur líka fyrir lýðræðislegt samfélag og kúltúr,“ segir Marcos. Beðinn um að lýsa því sem gestir Vetrarhátíðarinnar eiga von á á fimmtudaginn segist hann ætla að fá fólk til að horfa á hversdagslegt umhverfi sitt með öðrum augum.

„Rafmögnuð náttúra er staðbundin innsetning sem tekur yfir yfirborð Hallgrímskirkju. Markmiðið er að umbreyta yfirbragði þessa þekkta kennileitis í kraftmikla sjónræna upplifun,“ útskýrir Marcos og heldur áfram.

„Við höfum kortlagt allt yfirborð kirkjunnar á myndband og unnið 15 mínútna langt myndbandsverk sem verður endurvarpað á veggina til að falla nákvæmlega aftur að arkitektúrnum. Í arkitektúr kirkjunnar eru einnig skírskotanir til náttúrunnar og því fannst mér tilvalið að vinna með tilbúna náttúru og láta höfuðskepnurnar fjórar, vatn, eld, jörð og loft, lifna við gegnum ljós og hreyfingu. Hluti myndbandsins inniheldur einnig upptökur frá geimskipi NASA, SDO af sólargangi dagana rétt fyrir hátíðina. Þá verður einnig upptökum frá New York varpað á vegg kirkjunnar í þeim tilgangi að ögra rúmskyngun áhorfandans,“ segir Marcos.



Marcos Zotes arkitekt hannaði opunaratriði Vetrarhátíðar í ár og heitir það Rafmögnuð náttúra.


Eftir opunina munu gestir geta leikið sér með myndvarpið á kirkjunna út Vetrarhátíðina, milli klukkan 8 og 12 á kvöldin. „Við munum í raun breyta Hallgrímskirkju í verkfæri fyrir fólk og gerum áhorfandann að hluta verksins.“

Marcos segist hafa stokkið á tækifærið þegar hann sá samkeppnina auglýsta, til að hrinda í framkvæmd rannsóknum sínum á sjálfræði og félagslegri víxlverkun í borgarsamfélagi. Hann hóaði því saman hópi listamanna, arki-

tekta og tónlistarmanna, bæði í Reykjavík og í New York, til að vinna með sér og segir sérþekkingu hvers og eins hafa skilað sér beint inn í verkið.

„Ég nefni sérstaklega Chris Jordan, listamann í New York. Hann mun verða með mér á opuninni í Reykjavík enda skipti hans framlag sköpum í verkinu,“ segir Marcos. „Ég er einfaldlega heillaður af því að leita nýrra leiða til að hafa áhrif á gerð borga. Ég held að borgin sé til staðar fyrir

fólkið og að við getum endurbætt almenningssvæði og borgarformið á þann veg að nýtingin verði meiri og önnur en upphaflega var ætlast til. Ætlun mín með verkinu Rafmögnuð náttúra er að gera einmitt það. Með því að kollvarpa hinni kyrrstæðu og tímalausu ímynd Hallgrímskirkju breytist hún um stundar sakir í gagnvirka upplifun sem fólk getur tekið þátt í. Takmarkið er að fólk horfi á sitt daglega umhverfi með allt öðrum augum.“



● VITI VIÐ TJÖRNINA

Ragnheiður Harpa Leifsdóttir verður með ljósainnsetningu í kirkjuturni Fríkirkjunnar fimmtudaginn 9. febrúar frá kl. 20.30 til 24. Verkið ber heitið Pharos og vísar til fyrsta vitans sem byggður var á tímum Rómaveldis.

Ragnheiður Harpa hefur heillast af turnum enda finnst henni þeir ævintýrlegir og dularfullir. „Frá hafinu veita vitar skipum von í óveðri, en um leið standa þeir einsamli og einangraðir. Í sögubókum bíður prinsessan eftir prinsinum til að bjarga þeim.“ Innsetning mun lýsa í þrjá sólarhringa. Ljósameistari verksins er Jóhann Bjarni Pálmason.



● LJÓÐASLAMM Í BORGARBÓKASAFNINU

Ljóðaslammíð svokallaða verður haldið nú í fjórða sinn. Þar flytur fólk á aldrinum 14 til 20 ára ljóð með einhvers konar leikrænu ívafi og er framsetningin oftast en ekki jafnmikið mál og ljóðið sjálft.

Ljóðaslammíð fer fram á sviði á fyrstu hæð Borgarbókasafnsins í Tryggvagötu. Þónokkur hópur hefur þegar skráð sig og eiga gestir Vetrarhátíðar von á skemmtilegri upplifun. Þátttakendur nálgast slammíð á mismunandi hátt, allt frá því að lesa upp ljóðin í hljóðnema, rappa, setja upp leikþætti eða mæta með heila hljómsveit.

Ávarp borgarstjóra

Kæru Reykvíkingar

Það er mikilvægt að halda hátíð sem lýsir upp svartasta skammdegið, fær fólk til að hlæja og njóta þess sem er skemmtilegt í okkar fallegu borg. Vetrarhátíð í Reykjavík er einmitt svoleiðis hátíð. Hún er sannkölluð fjölskylduskemmtun sem bregður birtu á febrúarmyrkrið og litar það skærum litum. Þemað í ár er Magnað myrkur og speglast það með ólíkum hætti í vel á þriðja hundrað uppákomum um alla borg. Ég vek sérstaka athygli á Sundlauganótt sem er frábær nýjung á dagskrá hátíðarinnar. Þá fá borgarbúar frítt í sund og gestum verður boðið að upplifa magnaða listviðburði í sundlaug.



Hátíðin hefst á glæsilegu opunarverki fimmtudagskvöldið 9. febrúar en þá verður Hallgrímskirkja lýst upp og henni breytt í stórbrotið listaverk ljóss, lita og hreyfingar. Að venju verður Safnanótt einn af hornsteinum hátíðarinnar og Heimsdagur barna verður á sínum stað í Gerðubergi með listviðburðum og skemmtidagskrá fyrir börn og unglinga.

Það sem mér finnst skipta mestu máli á Vetrarhátíð er að hún færir borgarbúa saman og gefur fullorðnum og börnum tækifæri til að njóta lista og menningar af öllu tagi. Í fyrra sóttu yfir fimmtánþúsund manns hátíðina og allir sem ég hitti voru með bros á vör. Það finnst mér frábært.

Á Vetrarhátíð geta allir skemmt sér konunglega. Líka þeir sem hafa engan sérstakan áhuga á fræðslu, listum eða menningu. Þeir geta einfaldlega notið mannlífsins. Það er nefnilega mjög gaman að sjá aðra glaða.

*Góða skemmtun á Vetrarhátíð!
Jón Gnarr
borgarstjóri í Reykjavík*



Gunnar Örn Hannesson með myndina merkilegu og skjöl sem tengjast líkfundarmálinu á Seyðisfirði.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Dularfullt líkfundarmál

Í lestrarsal Þjóðskjalasafnsins fjallar sagnfræðingurinn Gunnar Örn Hannesson um dularfullt líkfundarmál á Austfjörðum, sem leiddi til alþjóðlegrar lögreglu-rannsóknar seint á 19. öld.

„Forsaga málsins hefst í maí 1894 þegar hárreysti og slark frá enskum gufutogara bergmál-ar inn Seyðisfjörð. Síðar í sama mánuði berst íslenskum yfirvöld-um fyrirspurn að utan þar sem grennslast er fyrir um manns-lík í firðinum, en þá hafði skipstjóri togarans tilkynnt yfirvöld-um að hann hefði misst yfirvélstjóra sinn fyrir borð 10 mílum frá Seyðisfirði,“ útskýrir Gunnar Örn sem enn er að leysa ráðgát-una um vélstjóran frá Aberdeen.

Áhöfn togarans var strax yfirheyrð vegna hvarfs vélstjórans, en var missaga og fljótt beindust grunsemdir að ribbalda um borð.

„Þegar komið var fram í október voru tveir sjómenn á skaki út

af Seyðisfirði og toga þá upp illa farið lík af karlmanni íklæddum fatnaði merktum Aberdeen. Settu þeir líkið á land í Brimnesi þangað sem sýslumaður kom ásamt áhugaljósmyndara sem tók mynd af líkinu og mun vera elsta ljósmyndin sem tekin er í glæparannsóknunum á Íslandi,“ upplýsir Gunnar Örn, en myndina sýnir hann gestum í lestrarsalnum í kvöld.

„Myndin er alls ekki fyrir viðkvæma, enda kom í ljós við líkskoðun að maðurinn var með stunguáverka og hafði verið sökkt með keðjum, en hold var allt horfið af höfði hans og höndum.“

Í erindi sínu um vélstjóran frá Aberdeen mun Gunnar Örn einnig sýna merkileg skjöl sem til eru um málið, frásagnir af slagsmál-um við afturgöngu stýrimannsins og fleira sem tengist líkfundinum.

Dagskráin hefst í Þjóðskjalasafni Íslands á Laugavegi 162 klukkan 20.



„Nauðsynlegt er að varðveita myrkrið sem hefur verið á undanhaldi með tilkomu rafmagnslýsingar og gæta þess að útrýma því ekki,“ segir Arnþór Gunnarsson, hjá Miðstöð munnlegrar sögu sem um helgina safnar reynslusögum fólks af myrkrinu í Reykjavík.

MYND/ANTON

Margt býr í myrkinu

Starfsmenn Miðstöðvar munnlegrar sögu verða í Höfða um helgina að safna reynslusögum fólks af myrkrinu í borginni. Viðburðurinn er hluti af dagskrá Vetrarhátíðar.

Nauðsynlegt er að varðveita myrkrið sem hefur verið á undanhaldi með tilkomu rafmagnslýsingar og gæta þess að útrýma því ekki. Þess vegna viljum við draga fram myrkrið í Reykjavík með sögum af því hvernig fólk skynjar það og það sem það geymir. Hvort sem það eru draugar eða aðrir óvættir eða fegurðin á himninum, stjörnur, norðurljós eða annað,“ segir Arnþór Gunnarsson, verkefnisstjóri Miðstöðvar munnlegrar sögu, sem verður ásamt sam-

starfsfólki sínu staddur í Höfða um helgina að safna reynslusögum fólks af myrkrinu í Reykjavíkurborg.

Að hans sögn verða frásagnirnar hljóðritaðar og varðveittar í safni Miðstöðvarinnar, í húsakynnum Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns þar sem þær verða öllum aðgengilegar. „Allir sem miðla af reynslu sinni fá jafnframt afrit af upptöku á geisladiski. Fólk þarf ekki að gera boð á undan sér heldur mætir bara á staðinn. Það getur síðan sótt aðra viðburði í leiðinni því þarna verður opið hús báða daga frá klukkan 13 til 17.“

Viðburðurinn segir Arnþór hugsaðan sem viðbót við verkefnið Reykjavíkursögur sem Miðstöð munnlegrar sögu vann í samstarfi við Reykjavíkurborg á árunum 2007 til 2009. „Markmið þess var að draga fram reynslu

fólks af því að hafa búið í Reykjavík,“ útskýrir hann og getur þess að alls hafi hundrað frásagnir safnast á vetrarhátíðum og menningarnóttum. Brot af þeim megi nálgast á heimasíðu Miðstöðvarinnar á slóðinni www.munnleg-saga.is, með því að smella á flípa sem er merktur vefsýningar og því næst á borgarbörn.

Spurður hvers vegna Höfði hafi orðið fyrir valinu, segir Arnþór varla hægt að hugsa sér jafn sæmamið staðsetningu. „Höfuðborgarstofa bauð okkur Höfða til afnota og okkur þótti það einstaklega viðeigandi, meðan annars í ljósi reimleikanna sem sumir tengja við húsið, hvítu konuna og aðrar verur sem hafa sést þar á sveimi. Eða er það ekki annars ástæðan fyrir því að þú ert að spyrja,“ svarar hann glettinn og hvetur unga sem aldna að kíkja í heimsókn um helgina.

Ástsæl lög í djassútfærslum

„Þemað er þannig að Egill kemur til með að flytja lögin með hefðbundnum hætti við undirleik tríósins og fær gesti í sal til að taka undir. Svo spilar tríóið djassútfærslur af hverju lagi jafnóðum og Egill bregður líka á leik ef sá gállinn er á honum.“

Þannig lýsir Reynir Sigurðsson fyrirhuguðum tónleikum Tríós




Tríó Reynis Sigurðssonar skipa, frá vinstri: Reynir Sigurðsson á víbrafón, Jón Páll Bjarnason á gítar og Gunnar Hrafnsson á bassa.

Reynis Sigurðssonar (TRES) og Egils Ólafssonar, Sungið og svingað í Iðnó á morgun, fimmtudaginn 9. febrúar klukkan 21. Tónleikarnir eru hluti af dagskrá Vetrarhátíðar sem hefst með pompi og prakt sama dag.

Íslensk tónlist verður í fyrirrími á tónleikum þar sem flutt verða valinkunn lög eftir þjóðþekkt skáld.

„Þarna munu heyrast lög sem hafa fylgt þjóðinni um árabíl, svo sem Ég veit þú kemur, Fróken Reykjavík og Litla flugan,“ segir Reynir og útskýrir að lagaval ráðist af disk sem tríóið gaf út með lögum Sigfúsar Halldórssonar fyrir nokkrum árum og tónleikum sem það hélt í Vestmannaeyjum í nóvember í fyrra til að fagna 100 ára fæðingarárfmæli Oddgeirs Kristjánssonar. „Svo bættum við við nokkrum perlum úr smíðju Jóns Múla Árnasonar,“ bendir hann á og bætir við að gestir muni því ekki eiga í neinum erfiðleikum með að kyrja með.



• NORÐURLJÓSALEIT UM BORD Í GLÆSIBÁT

Langar þig að stinga af úr ljósadýrð borgarinnar og leita að norðurljósunum í ævintýrlegri sjóferð? Þá gefst gullið tækifæri þegar farið verður með Rósinni, nýjasta glæsibát Sérferða, frá Reykjavíkurbörn klukkan 21. Ferðin tekur um þrjár klukkustundir og um borð er allt til alls: frír kuldagallar, heitir drykkir og veitingasala með léttum veitingum.

Ekki láta þetta frábæra ævintýri framhjá þér fara! Fyrstur kemur, fyrstur fær.

Mæting er í solumóttöku Sérferða (Special Tours) á Ægisgarði 7 við Gömlu höfnina.



Vetrarhátíð almenn dagskrá

STENDUR YFIR ALLA HÁTÍÐINA:

Reykjavík Bókmenntaborg UNESCO: Skáldagluggar.

Í gluggum fjögurra þekktra húsa í miðbænum birtast textar þekktra borgarskálda ásamt myndum. Hlemmur, Laugavegur 11 & 22, Mokka og Hressó.

Fræðslustund hjá Ísland Panorama.

Myndin Inn við beinið erum við öll eins. Norræna húsið, Sturlugötu 1.

Upplýst tré.

Verkís lýsir upp tré í miðbæ Reykjavíkur við stytta af séra Friðriki. Sérstök ljósaathöfn fer fram fimmtudaginn 9. febrúar kl. 20:15 við horn Amtmannsstígs og Lækjargötu. Einnig lýsir Verkís upp starfsstöðvar sínar að Suðurlandsbraut og Ármúla 4.

Varðeldur.

Myndbandsvörpun á húsvegg. Húsveggur, Skólavörðustíg 13.

Rafmögnuð náttúra.

Þegar rökkva tekur umbreytt Hallgrímskirkja í stórbrotna upplifun ljóss, lita og hreyfingar. Hallgrímskirkja.

FIMMTUDAGUR 9. FEBRÚAR

19:30-20:00

Opnunaratriði Vetrarhátíðar í Reykjavík 2012.

Jón Gnarr borgarstjóri setur Vetrarhátíð í Reykjavík á Skólavörðuholti. Þá tekur við opunarverk hátíðarinnar eftir arkitektinn Marcos Zotes sem umbreytir Hallgrímskirkju í stórbrotna upplifun ljóss, lita og hreyfingar við tónlist For a Minor Reflection. Við Hallgrímskirkju.

20:00-20:30

Klais orgelið í allri sinni dýrð.

Orgelsnillingurinn Mattias Wager, einn glæsilegasti organisti Norðurlandanna, leikur Trois danses (3 dansa) eftir frakkann Jehan Alain. Hallgrímskirkja.

20:30-21:00

Tónlistargjörningurinn CREDO.

Sverrir Guðjónsson tónlistarmaður og orgelvirtúósinn Mattias Wager verða með gjörning í tengslum við sýningu Elínar Eddu og Sverris CREDO. Hallgrímskirkja.

20:00-21:00

Dragspilið dunar.

Söng- og danslög með léttu yfirbragði á harmonikur. Vindbelgirnir Friðjón og Hilmar koma fram ásamt Pétri Bjarnasyni. Volcano house, Tryggvagötu 11.

20:00-21:30

Skuggalegt í skammdeginu.

Skyggst í menningararf þjóðarinnar. Félagar úr Kammerkór Seltjarnarneskirkju flytja myrka tónlist og þjóðsögur í þaðstofustemmingu. Norræna húsið, Sturlugötu 1.

20:00-21:30

Vertu með í trylltum salsa.

Opnir prufutímar hjá Salsalceland. Að tímanum loknum fá allir að taka þátt í trylltum salsadansi á opnu dansgólfi framundir miðnætti. Thorvaldsen, Austurstræti 8.

20:00-22:00

Úr klakaböndum.

Guðmunda Kristinsdóttir opnar myndlistarsýninguna Úr klakaböndum. Sædis gullsmíðja og gallery, Geirsgötu 5b.

20:00-22:00

Grafíksýning Elvu Hreiðarsdóttur.

Opnun á sýningu á grafíkverkum í HERBERGINU. Kirsuberjatréd, Vesturgötu 4.

20:00 & 21:30

Íslensk þjóðlög í dimmum húsaskotum.

Söngfjelaði Góðir grannar syngja íslensk þjóðlög ásamt norrænum lögum. Skólavörðustígur 13 kl. 20:00 og í Alþingisgarðinum kl. 21:30.

20:30-21:30

Tens við tjörnina.

Óp-hópurinn fléttar atriði úr óperuheiminum inn í ólíkar aðstæður á þessum tónleikum í Ráðhúsinu. Flutt verður efni eftir íslenska og erlenda höfunda úr ýmsum áttum. Ráðhúsið.

20:30-24:00

Myrkið í ljósinu.

Ljósainnsetning í kirkjuturni Fríkirkjunnar eftir Ragnheiði Hörpu Leifsdóttur. Fríkirkjan, Fríkirkjuvegi 5.

21:00-22:00

Ljósið í myrkrinu.

Tónleikar Kórs Fríkirkjunnar í Reykjavík. Stjórnandi er Anna Sigríður Helgadóttir. Fríkirkjan, Fríkirkjuvegi 5.

21:00-22:00

Sungjið og svingað.

Egill Ólafsson og Tríó Reynis Sigurðssonar flytja lög eftir Sigfús Halldórsson, Oddgeir Kristjánsson og Jón Múla, með þátttöku gesta úr sal. Iðnó, Vonarstræti 3.

21:00-22:00

Eldfjallabíó.

Tvær heimildarmyndir um eldgos og jarðsögu landsins. Sú fyrri um eldgosíð í Vestmannaeyjum 1973 og hin um eldgosíð í Eyjafjallajökli árið 2010. Volcano house, Tryggvagötu 11.

21:00-22:30

Leo Gillespie.

Heimspækkur farandsöngvari leikur frumsamin lög ásamt bassaleikaranum Þorleifi Guðjónssyni. Kaffi Haiti, Geirsgötu 7b.

22:00-23:45

Bíósýning: Superclasico (Erkifjendur)

Superclasico er eldfjörug rómantísk kómedía þar sem allir ganga skælbrosandi út úr sýningarsalnum. Bíó Paradís, Hverfisgötu 54.

FÖSTUDAGUR 10. FEBRÚAR

9:00-16:00

Magnað Borgar-Myrkur.

Í Bakkahverfi í Breiðholti búa börn í sameinuðum leikskóla Arnarborgar og Fálkaborgar – Borg, til klaka sem hengdir verða á tré á leikvelli skólans.

10:00-11:00

Börn in í Furuskógi

Sameinaður leikskóli Skógarborgar og Furuborgar hittist með vasaljós í Fossvogsdalnum og syngur nokkur vetrarlög. Fossvogsdalur, Fossvogi.

10:00-17:00

Leikjaheimar Legó.

Komdu og kannaðu undraheima Legó. Sýslaðu með tannhjól og mótora eða gerðu þín eigin módel og kastala eftir eigin teikningum. Ráðhúsið.

11:00-18:00

Úr klakaböndum.

Mynlistarsýning Guðmundu Kristinsdóttur. Sædis gullsmíðja og gallery, Geirsgötu 5b.

13:00-14:30

Amma er best.

Geir Ólafsson ásamt Furstunum og leynigesti, syngja af barnaplötunni Amma er best. Ráðhúsið.

13:00-14:30

Börn hanna brúður.

Börn teikna brúður fyrir Guðmund R. Lúðvíksson myndlistarmann sem

síðan saumar þær og sýnir á Menn-inganótt í Reykjavík 2012. Ráðhúsið.

16:00-20:00

Heimboð á Bessastaði.

Sýndir verða munir og mannvirki sem litu dagsins ljós við uppgröft á Bessastöðum. Sérfræðingur Listasafns Íslands segir auk þess frá málverkum sem prýða vegg Bessastaða og fyrsti forsetabillinn verður til sýnis. Bessastaði.

16:00-20:00

Heimboð á Bessastaði.

Sýndir verða munir og mannvirki sem litu dagsins ljós við uppgröft á Bessastöðum. Sérfræðingur Listasafns Íslands segir auk þess frá málverkum sem prýða vegg Bessastaða og fyrsti forsetabillinn verður til sýnis. Bessastaði.

17:00, 17:30, 18:00

Draugasögustundir.

Draugasögustundir í barnadeild Borgarbókasafnsins kl. 17, 17.30 og 18. Borgarbókasafn Reykjavíkur, Tryggvagötu 15.

17:00-22:00

Ung Topp.

Ung Topp-félagstarf fatlaðra ungmenna verða með opið hús í kjallara Hins hússins. Gengið inn Austurstrætismegin. Hitt húsið, Pósthússtræti 3-5.

19:00-22:00

CREDO seiður.

Boðið verður upp á teseið í tengslum

við sýningu Elínar Eddu Árnadóttur og Sverris Guðjónssonar CREDO, óð til trúariðkunar Íslendinga í gegnum aldirnar. Hallgrímskirkja.

19:00-23:00

20X20: Félag frístundamála.

Samsýning 40 félagsmanna í Félagi frístundamála þar sem til sýnis verða 80 myndir. Myrkvaðar veitingar, dularfullar verur, rafmögnuð tónlist og myrkrafjör! ART67, Laugavegi 67.

19:30-23:00

Rautt og hvítt í svartamyrkri.

Getur þú greint á milli rauðvins og hvítvins? Blindsmökkun á frönskum guðaveigum með aðstoð Stéphanie Aubergey. Alliance Française, Tryggvagötu 8

20:00-24:00

Grænar draugasögur.

Grænn upplestur á draugasögum í græna Kirsuberjatrénu. Kirsuberjatréd, Vesturgötu 4.

21:00-21:30

CREDO tónlistargjörningur.

Sverrir Guðjónsson og Hörður Áskels-son organisti Hallgrímskirkju verða með tónlistargjörning í Hallgrímskirkju. Hallgrímskirkja.

21:30-23:00

Tónleikar: Fönix grúppan.

Bergþór Morthens gítar, Þorleifur Guðjónsson bassi, Mike Pollock gítar og söngur, Friðrik Júlíusson trommur, Sigurður Kristinsson hljómborð, Sig-

urður Sigurðsson munnharpa. Kaffi Haiti, Geirsgötu 7b.

LAUGARDAGUR 11. FEBRÚAR

10:00-12:00

Nætorsjón dýra.

Hver er skynjun dýra á umhverfi sitt í myrkri? Gagnvirkur fróðleikur víða um garðinn. Húsdýragarðurinn.

10:00-12:00

Teikningar eftir nemendur Myndlistaskólans í Reykjavík.

Sýning á dýrateikningum eftir nemendur í Myndlistaskólanum í Reykjavík. Teikningunum hefur verið komið fyrir inni hjá dýrunum og utandyra. Húsdýragarðurinn.

11:00-17:00

Úr klakaböndum.

Myndlistarsýning Guðmundu Kristinsdóttur. Sædis gullsmíðja og gallery, Geirsgötu 5b.

11:00-16:00

Grafík og grænt tré.

Grafíksýning í salnum og gróska í græna trénu. Kirsuberjatréd, Vesturgötu 4.

12:00-16:00

20X20: Félag frístundamála.

Samsýning 40 félagsmanna í Félagi frístundamála í ART67. Til sýnis verða 80 myndir, allar 20X20cm að stærð. ART67, Laugavegi 67.

13:00-14:00

Það er alltaf hægt að finna ljós í myrkrinu!

Í nútímapjóðfélagi stendur ungt fólk

FRÍTT Í STRÆTÓ

Tímatafla safnanæturstæto

Leið A - Á 20 mín. fresti. Frá 19:00 – 24.00.

Stoppistöð

Flókagata á bílast. Kjarvalst. 00 20 40
Eiríksgrata - við Hallgrímskirkju 04 24 44
Eiríksgrata 04 24 44
Sturlugata 5 08 28 48
Sturlugata við Aragötu 09 29 49
Suðurgata við Hringbraut 10 30 50
Við Fríkirkjuna 12 32 52
Í byrjun á Vonarstræti 12 32 52
Á horni Túngötu og Aðalstr. 13 33 53
Grandagarður 8 18 28 48
Geirsgata - bakvið Hafnarhús 23 43 03

Hverfisgata við bílastæðahús 25 45 05
Skúlagötu 28 29 49 09
Laugavegur - við safnið 32 52 12
Flókagata á bílast. Kjarvalst. 35 55 15

Safn

Kjarvalsstaðir
Listasafn ASÍ
Listasafn Einars Jónssonar
Norræna húsið
Stofnun Árna Magnússonar
Þjóðminjasafn Íslands
Listasafn Íslands
Leikminjasafnið í Iðnó
Minjasafn Reykjavíkur
Sjóminjasafnið
Alliance Francaise, Borgarbókas., Borgarskjalas., SíM
Ljósmyndasafn Rvk., Hafnarhús, Grafíksafn Ísl., Hitt húsið
Þjóðmenningarhús
Nýlistasafnið
Þjóðskjalasafn Íslands
Kjarvalsstaðir

Leið B - Á 20 mín. fresti. Frá 19:00 – 24.00.

Stoppistöð

Flókagata bílast. við Kjarvalst. 10 30 50
Fyrir utan Perluna 16 36 56
Í Hamraborg 23 43 03
Garðatorg 28 48 08
Í Firði 38 58 18
Garðatorg 48 08 28
Hamraborg - í stæði 28 53 13 33

Fyrir utan Perluna 59 19 39
Bílastæði við Kjarvalsstaði 05 25 45

Safn

Kjarvalsstaðir
Sögusafnið Perlan
Héraðsskjalasafn Kóp., Náttúrufræðistofa Kóp.,
Bókasafn Kóp., Molinn í Kóp., Gerðasafn, Tónlistarsafn Ísl.
Bókasafn Garðab., Hofstaðir, Hönnunarsafn Ísl.
Byggðasafn Hfj., Hafnarborg, Bókasafn Hfj.
Bókasafn Garðab., Hofstaðir, Hönnunarsafn Ísl.
Héraðsskjalasafn Kóp., Náttúrufræðistofa Kóp.,
Bókasafn Kóp., Molinn í Kóp., Tónlistarsafn Íslands
Sögusafnið Perlan
Kjarvalsstaðir

Leið C - Á 20 mín. fresti. Frá 19:00 – 24.00.

Stoppistöð

Flókagata bílast. við Kjarvalst. 15 35 55
Höfðabakki við Árbæjarsafn 28 48 08
Við brottfararstað ferjunnar 38 58 18
Við safnið 41 01 21
Við safnið 49 09 29
Flókagata bílast. við Kjarvalst. 55 15 35

Safn

Kjarvalsstaðir
Árbæjarsafn
Viðey
Listasafn Sigurjóns Ólafssonar
Ásmundarsafn
Kjarvalsstaðir

Leið D - Ein ferð

Frá Kjarvalsstöðum 20:00
Frá Gljúfrasteini 22:00

Allir vagnar aka leiðir A – C.

Fyrst leið A, svo leið B og síðan leið C. Þannig getur fólk komist á milli með sama bíl ef það vill bíða við Kjarvalsstaði á meðan vagninn bíður.



frammi fyrir miklum kröfum frá umhverfinu. Anna Stein-sen frá Dale Carnegie fjallar um hvernig við náum meiri árangri í lífinu. Ráðhúsið.

13:00-17:00 Hvað býr í myrkrinu?

Opið hús í Höfða um helgina. Komdu og segðu okkur þína myrkrasögu sem geymd verður hjá Miðstöð munnlegrar sögu fyrir komandi kynslóðir. Höfði við Borgartún.

13:00-17:00 Leikjaheimar Legó.

Komdu og kannaðu undra-heima Legó. Sýslaðu með tannhjól og mótora eða gerðu þín eigin módel og kastala eftir eigin teikningum. Ráðhúsið.

14:00-15:00 Pétur og úlfurinn.

Halldóra Geirharðsdóttir leik-kona segir börnum söguna og stóra Klais orgelið bregður sér í hlutverk sínfóníuhljómsveitar í umsjón Mattias Wager. Ókeyp-is fyrir börn. Hallgrímskirkja.

14:00-15:00 Popp og Kór!

Vocal Project er hressasti popp-kórinn á landinu og flytur popp-tónlist í flottum útsetningum undir stjórn Matta Sax. Ráðhúsið.

14:00-15:00 Söngtónleikar Joanne Kearny.

Joanne Kearny spilar hugljúf lög af plötunni Faces. Höfði við Borgartún.

14:00-16:00 Ljósmyndadagar – Ljósmyndagreining.

Gísli Helgason sagnfræðingur og Inga Lára Baldvinsdóttir safnstjóri Ljósmyndasafns Íslands greina gamlar ljós-myndir. Þjóðminjasafn Íslands, Suðurgötu 41.

14:00-17:00 Flóamarkaður í kjallara.

Flóamarkaður með rafmagn-aðri stemmingu þar sem hægt er að gera samninga sem ekki þola dagsins ljós. Gengið inn Austurstrætismegin. Hitt húsið, Pósthússtræti 3-5.

14:00-18:00 Tehús Unnar.

Ómæld tedrykkja og ýmis skemmtun s.s. Tai-Chi, kín-verskur dans, ljóðalestur, spá-dómar og heilræði. Tehús Unnar, Njálsgötu 33a.

15:00-15:30 Dönsum saman.

Veska Jónsdóttir og Balkan-danshópurinn úr Kramhúsinu dansa við fjöruga tónlist frá Balkanskaganum. Ráðhúsið.

14:00-17:00 Náttúrugalleríið á Laugar-nestanga.

Opið hús hjá Hrafn Gunnlaugs-syni kvikmyndaleikstjóra sem býður almenningi að skoða sig um í náttúrugalleríinu sínu. Boðið verður upp á nýgrillaða hamborgara frá Hamborgara-búllunni. Kl. 16:30 verður mynd-in Reykjavík í öðru ljósi sýnd, rúmum 10 árum eftir frumsýningu. Hrafn fjallar um myndina, framtíðina og svarar spurningum. Laugarnestangi 65.

16:00-17:00 1860 - Alþýðupopp af bestu sort.

Tónleikar í boði hljómsveitarinnar 1860. Eru þeir best þekktir fyrir mæðravænt alþýðupopp sitt og skemmtilegar textasmíðar. Ráðhúsið.

16:00-19:00 Baðstofuskemmtun. Er það alveg satt?

Komdu inn úr kuldanum og hlustaðu á sögu. Sagnapúllir og kvæðakonur stíga á stökk í Volcano. Volcano house, Tryggvagötu 11.

19:00-22:00 Ljósmyndadagar – Ljósmyndasýning.

Christophe Laloi sýnir ljós-myndir frá ljósmyndahátíð í Arles í Frakklandi. Jón Proppé fjallar um sögu samtímaljós-myndunar á Íslandi og sýnir ljósmyndir. KEX hostel, Skúlagötu 28.

20:00-21:00 Let's talk Iceland.



Opið hús verður hjá Hrafn Gunnlaugsyni sem býður fólki að skoða náttúrugalleríið á Laugarnestanga.

Klukkustundar gamanleikur þar sem Víkingur eða valkyrja þræðir sig í gegn um sögu lands og þjóðar með skemmtilegum hætti. Víkingakráin, Hafnarstræti 1.

20:00-21:30 LIT-LIFUN upplifun í lit.

Litir er megin viðfangsefni einkasýningar Huldu Hlínar Magnúsdóttur. Litir fá hér rými innan málverka, teikninga og innsetningar. 7factory desgin, Fiskislóð 31.

21:00-23:30 Norðurljósaleit á sjó!

Sérferðir bjóða þér á vit ævintýrana. Lagt er af stað frá Reykjavíkurhöfn á bátum Rósinni. Kuldagallar og heitir drykkir er í boði úti á dekki. Reykjavíkurhöfn.

21:30-23:00 Ferlíki á Kaffi Haiti.

Jazzkvartettinn Ferlíki leikur jazzperlur og dægurlög úr ýmsum áttum. Óperusöngvarinn Jón Svavar Jósefsson gengur til liðs við bandið og spreytir sig á jazzinum. Kaffi Haiti, Geirsgötu 7b.

SUNNUDAGUR 12. FEBRÚAR

10:00-12:00 Nætorsjón dýra.

Hver er skynjun dýra á umhverfi sitt í myrkri? Gagnvirk-

ur fróðleikur víða um garðinn. Húsdýragarðurinn.

10:00-12:00 Teikningar eftir nemendur Myndlistaskólans í Reykjavík.

Sýning á dýrateikningum eftir nemendur í Myndlistaskólanum í Reykjavík. Teikningunum hefur verið komið fyrir inni hjá dýrunum og utandyra. Húsdýragarðurinn.

11:00-17:00 Úr klakaböndum.

Myndlistarsýning Guðmundu Kristinsdóttur. Sædis gullsmíðja og gallerí, Geirsgötu 5b.

12:00-13:00 Ljósmyndadagar – Ljós-myndadanga um Blesugróf.

Þar hafa snauðir hreysi reist! Ljósmyndadanga um Blesugrófina undir leiðsögn Helga Mána Sigurðssonar sagnfræðings. Stjórnugróf á móti Víkingsheimili.

12:00-13:00 Ljósmyndadagar – Ljós-myndadanga um Árbæjarhverfið.

Eggert Þór Bernharðsson sagnfræðingur skoðar for-sögu hverfisins, helstu ein-kenni þess, sérstöðu og hraða uppbyggingu á sjö-unda áratugnum. Árbæjar-safn, Kistuhyl 4.

12:00-13:00 Ljósmyndadagar – Ljós-

myndadanga um Laugar-neshverfið.

Þorgrímur Gestsson blaðamaður leiðir göngu frá Bæjarhólum að gömlu sundlaugunum og rifjar upp gamlar sögur. Bæjarhóllinn Laugarnestanga.

13:00-17:00 Leikjaheimar Legó.

Komdu og kannaðu undra-heima Legó. Sýslaðu með tannhjól og mótora eða gerðu módel og kastala eftir þínum eigin teikningum. Ráðhúsið.

13:00-16:00 Grafík og grænt tré.

Grafíksýning í salnum og gróska í græna trénu. Kirsu-berjatréd, Vesturgötu 4.

13:00-17:00 Hvað býr í myrkrinu?

Opið hús í Höfða um helgina. Komdu og segðu okkur þína myrkrasögu sem geymd verður hjá Miðstöð munnlegrar sögu fyrir komandi kynslóðir. Höfði við Borgartún.

14:00-14:30 Sýning á japönskum sjálfs-varnalistum.

Kynning og sýning á sjálfsvarnarlistunum aikido og ju-jitsu. Áhorfendum boðið að taka þátt og prófa. Ráðhúsið.

14:00-16:00 Ljósmyndadagar - Söguleg myndasýning.

Gengið verður frá hlöðunni austur að Eiði undir leiðsögn Örylgs Hálfðanarson bókaútgefanda. Söguleg myndasýning verður í Gufuneshlöðunni. Gufunesbær við Gufunesveg.

14:00-15:00 ÓrafMagnað Myrkur.

Jón Þór Sigurleifsson flytur frumsamin lög og pungarokkslög í eigin útsetningum fyrir kassagítar. Höfði við Borgartún.

14:00-18:00 Tehús Unnar.

Ómæld tedrykkja og ýmis skemmtun s.s. Tai-Chi, kín-verskur dans, ljóðalestur, spá-dómar og heilræði. Tehús Unnar, Njálsgötu 33a.

14:30-15:00 Breikað í borginni.

Strákarnir úr Area of Stylez sýna breikdans af sinni alkunnu snilld en þeir vöktu athygli fyrir vasklega framgöngu sína í Dans Dans Dans. Ráðhúsið.

15:00-15:30 Seiðandi salsasjó.

Sýningaratriði frá Salsalceland. Vinir og velunnarar Salsalceland dansa einnig frjálst salsa og Rueda de casino, fjöldadans. Ráðhúsið.

15:00-19:00 Fjölskyldu og unglingskemmtun í Bláfjöllum.

Það verður stanslaust stuð í Bláfjöllum fyrir alla fjölskylduna: Hljómsveitir, brettasýning og mögnuð blysför niður Kóngsgil þegar myrkið er skolið á. Frítt fyrir yngri en 12 ára. Bláfjöll.

15:30-16:30 Miðilsfundur á léttum nótum.

Andar á sveimi í Höfða. Magnaður spámiðill nær lygilegu sambandi við framlíðin stórmenni. Höfði við Borgartún.

22:00-23:30 Bíósýning: Partir (Farin).

Magnað franskt ástríudrama með Kristin Scott-Thomas og Sergi López. Bíó Paradís, Hverfisgötu 54.



Safnanótt

föstudaginn 10. febrúar frá 19 til 24

BÓKASAFN KÓPAVOGS, HAMRABORG 6A.

19:30-20:00 Rússneskur barnakór.

Sungin verða nokkur lög.

20:00-22:00 Spákonan Sírrý.

Spákonan knáa spáir í Heita pottinum.

21:00-22:00 Myrk öfl – erindi.

Jón Björnsson sálfræðingur og rithöfundur heldur erindi um myrk öfl.

22:00-23:00 Galdrastafir og virkni þeirra.

Hilmar Örn Hilmarsson allsherjargoði fjallar um galdrastafi.

23:00-24:00 Varsjárbandalagið.

Bandið heldur uppi stuði.

19:00-24:00 Myndlistarsýning.

Myndlistarsýning Erlu Sigurðardóttur í Djúpinu.

MINJAGARÐURINN AÐ HOFSTÖÐUM, KIRKJULUNDI.

19:00-24:00 Minjagarðurinn að Hofstöðum.

Í garðinum eru minjar af landnámskála frá 9. öld og skemmtileg margmiðlunar-sýning.

BÓKASAFN HAFNARFJARÐAR, STRANDGÖTU 1.

19:00-24:00 Þýsk stuttmyndasýning.

Sýndar verða teiknimyndir fyrir börn og fullorðna á vegum Goethe Institute.

19:00-24:00 LJÓS-MYNDIR.

Rafn Sigurbjörnsson (Íslandsmyndir) sýnir myndir tengdar þemanu Magnað myrkur. Myndirnar teknar að kvöldlagi af eldgosinu á Fimmvörðuhálsi.

19:00-24:00 Uppákomur í Bókasafni Hafnarfjarðar.

Sigríður Klingenberg spáir fyrir fólki, unglingshljómsveitirnar Splatt og Loucida taka lagið, ratleikur um safnið, kynning á tónlistardeild og leikskólabörn sýna verk sem tengjast þemanu „Magnað myrkur“.

20:00-20:30 Stúlknakór og Margrét Eir.

Stúlkur frá Meiriskóla-Raddskóla Margrétar Eirar syngja nokkur lög fyrir gesti.

LISTASAFN EINARS JÓNSSONAR, EIRÍKSGÖTU 17.

19:00-24:00 Mögnuð sýning á verkum Einars Jónssonar.

LISTASAFN ÍSLANDS, FRÍKIRKJUVEGI 7.

21:00-21:45 Artíma uppákomur.

Skemmtilegar uppákomur á vegum listfræðinema Háskóla Íslands

19:00-23:00 Pá og Nú.

Leiðsögn um sýninguna Under Deconstruction, Libia Castro & Ólafur Ólafsson með Raket Pétursdóttur, safnafræðingi.

21:00-21:45 Tónlistarflutningur.

Hallvarður Ásgeirsson Herzog.

GERÐARSAFN, HAMRABORG 4.

19:00-19:30 Sæborgin.

Leiðsögn um sýninguna Sæborgin: Kynjaverur og ókindur.

20:00-21:00 Vélaballett.

Á lóð Gerðarsafnsins í Kópavogi verður að finna rafmagnaðan vélaballett í samstarfi við Listdansskóla Íslands.

21:00-21:45 Frumflutningur á rafverki.

Nemendur úr tónveri Tónlistarskóla Kópavogs frumflytja eigið rafverk.

22:00-24:00 Nexus Warmachine.

Nexus mun kynna og sýna herkænskuleikinn Warmachine. Leiknum svipar til hins sigilda tindátaleiks Warhammer.

LISTASAFN ASÍ, FREYJUGÖTU 41.

20:00-20:30 Sýningaropnun.

Sara og Svanhildur Vilbergsdætur opna sýningu sína Systrasögur, tvíhent á striga.

21:30-22:00 & 22:30-23:00 Tónleikar í Listasafni ASÍ.

Feðgarnir Vilberg Vilbergsson og Rúnar Vilbergsson spila íslenskar og erlendar melódiur á harmóníku og fagott.

BYGGÐASAFN HAFNARFJARÐAR, VESTURGÖTU 8.

21:00-23:00 Magnaðar sögur af myrkrinu.

Sigurbjörg Karlsdóttir sagnarpúla segir gestum suttar sögur

af myrkrinu í elsta húsi bæjarins, Sívertsens-húsi.

19:00-24:00 16 ljósa kraftur - Gjörningur.

Horft er til straumhvarfanna sem fyrsta almenningsrafveitan á Íslandi olli í Hafnarfirði árið 1904.

19:00-24:00 Pakkhúsið.

Boðið verður upp á leiðsögn um sýninguna Þannig var. Þemasýningin um Rafha og leikfangasýningin verða opnar.

HÖNNUNARSAFN ÍSLANDS, GARDATORGI 1.

19:00-19:30 Sjálfsagðir hlutir.

Opnun á nýrri sýningu Hönnunarsafnsins. Smíðja fyrir alla fjölskylduna verður opin.

21:00 & 22:30 Húsgögnin í nýju ljósi.

Óhefðbundin myrkraleiðsögn með Nönnu Kristínu Magnúsdóttur leikkonu.

BORGARÞÓKASAFN REYKJAVÍKUR, TRYGGVA-GÖTU 15.**19:00-24:00****Sýning á verkum Bjargar Eiríksdóttur í Artóteki.**

Brot úr sýningum Bjargar þar sem hún eltir innsæið. Á sýningunni verða málverk, vídeó, textill og svífandi skúlptúr.

20:30-21:00**Ljóðaslamm.**

Ljóðagjörnir ætlaður ungu fólki. Áherslan er lögð á flutning ljóðsins t.d. með ör-leikþætti, rappi, dansverki, söng eða uppistandi.

21:30-22:00**Kammerpönk og myrkar myndir.**

Hljómsveitin Malneirophrenia leikur kammerpönk á píanó, selló og bassa. Sveitin leikur undir gamalli þögullu kvikmynd.

BÓKASAFN GARÐABÆJAR, GARÐATORGI 7.**20:00-20:30****Tónlistarflutningur.**

Anna María Björnsdóttir jazz-söngkona flytur eigin lög. Þjóðleg og jözzuð stemning.

20:45-21:15**Draugar, galdramenn og dulúðlegir staðir í Garðabæ.**

Guðlaugur R. Guðmundsson sagnfræðingur flytur áhuga-verðan fyrirlestur.

21:45-22.10**Draugasögulestur í Króki á Garðaholti.**

Leiklistarnemendur í Fjölbautaskóla Garðabæjar leiklesa draugasögu. Bærinn Krókur opinn og boðið upp á kaffi. Rútuferð frá Bókasafni Garðabæjar kl. 21.30.

HITT HÚSIÐ, PÓSTHÚS-STRÆTI 3-5.**19:00-24:00****Ljósberar og draugagangur í Tukthúsinu.**

ÞORIR ÞÚ varpar ljósi á aðbúnað fanga sem vistaðir voru í Tukthúsinu. Hljóð og ljós virkjar skilningarvit sýningargesta og færir þeim söguna á áþreifanlegan hátt.

19:00-24:00**Raf-tónleikar.**

Í Upplýsingarmiðstöð Hins hússins verða tónleikar þar sem raftónlistarmenn í No Class, Mindfucker og Mooglegaldrá fram górota tóna.

19:00-24:00**Óreglustikur í Gallerí Tukt.**

Sýning Arnljóts Sigurðssonar þar sem hann tekst á við mælingu heimsins og afstæði sitt gagnvart umheiminum.

GRAFÍKSAFN ÍSLANDS, TRYGGVAGÖTU 17, HAFN-ARMEGIN.**19:00-24:00****Sýning.**

Sýning á verkum Jóhönnu Bogadóttur og Öldu Rose Cartwright en þær eru listamenn Grafíkvina 2012.

19:00-24:00**Verkstæði: Magnað Myrkur.**

Myrkraverk – gestir vinna saman að innsetningu á sjálflysandi silkiþrykkjum. Þar koma fyrir kynjaverur, galdarúnir og skrýtin hljóð.

LISTASAFN SIGURJÓNS ÓLAFSSONAR, LAUGARNES-TANGA 70.**19:00-24:00****Áfangar.**

Listasafn Sigurjóns opnar sýningu með lykilverkum Sigurjóns sem spanna 50 ára tíma-bil. Verkin marka upphaf að nýjum viðhorfum og straumum í list Sigurjóns.

20:00-21:00 & 22:00-23:00**Leiðsögn.**

Leiðsögn um sýninguna Áfangar, nokkur lykilverk eftir Sigurjón Ólafsson.

LJÓSMYNDASAFN REYKJAVÍKUR, TRYGGVAGÖTU 15, 6.HÆÐ.**19:00-24:00****Myrkuhús (Camera Obscura).**

Komdu og fáðu innsýn inn í upphaf ljósmyndunar í orðsins fyllstu merkingu!

19:00-24:00**Hver er maðurinn?**

Hjálpðu okkur að þekkja fólkið. Þekkirðu manneskjuna á myndinni?

21:00-22:00**Leiðsögn um sýninguna Bergmál.**

Leiðsögn Sigrúnar Sigurðardóttur menningarfræðings um sýninguna Bergmál / Echo eftir Charlottu Maríu Hauksdóttur og Sonju Thomsen.

MOLINN UNGMENNHAÚS, HÁBRAUT 2.**19:00-24:00****Götulistasyning og lifandi tónlist.**

Sölusýning á verkum ungra listamanna sem tóku þátt í götulistasmíðju Molans. Fjöl-breytt verk, stensl og spray. Tríóíð Friends4ever og aðrir tónlistarmenn halda uppi dúndrandi stemningu.

NÝLISTASAFNIÐ, SKÚLA-GÖTU 28.**19:00-24:00****Teikn í Nýlistasafninu.**

Sýningin Teikn þar sem Myriam Bat-Yosef og Jóhanna Kristbjörg Sigurðardóttir umbreyta teiknum úr lífi sínu í sterkt og yfirskilvitlegt myndmál.

SÍM HÚSIÐ, HAFNARSTRÆTI 16**19:00-24:00****Innsetning í SÍM húsinu.**

Erlendir myndlistamenn dvelja í gestavinnustofum SÍM og skapa listaverk beint inn í rými þeirra í Hafnarstrætinu út frá þemanu Magnað myrkur. Listamennirnir ræða við gesti.

VÍKIN – SJÓMINJASAFNIÐ, GRANDAGARÐI 8.**19:00-24:00****Ratleikur Sjóminjasafnsins vígður.**

Finndu svörin á ferð þinni um sýningar safnsins. Þau sem ljúka leiknum fá hluta af fjár-sjóði Sæþórs sjóræningja!

19:00-22:00**Magnað myrkur himinhvolfsins.**

Hvernig notuðu sægarpar fyrri tíma stjórnurnar sem leiðar-



Balkandanshópur úr Kramhúsinu dansar í Ráðhúsinu á laugardaginn.

vísi? Stjórnuskoðunarfélagið fræðir gesti og býður gestum að skoða stjórnur í gegnum stjórnsúðnauga.

19:00-23:00**Varðskipið Óðinn opnar aftur eftir vetrarlokun.**

Á varðskipinu taka kampakátir skipsverjar á móti gestum og gangandi. Kannski þeir lumi á draugasögum?

19:30-20:00**Hefur þú séð sæskrímsli?**

Þorvaldur Friðriksson segir frá kynjaskepnum sem fela sig í myrkri hafnsins. Boðið upp á skrímslasmiðju þar sem hver og einn útfærir sitt eigið skrímsli.

20:30-21:00**Saga af sjönun.**

Skipsverjarnir Jón og Páll rabba um lífið í drungalegum lúkar úti á sjó, þá er bankað! Ólafur Egill Egilsson og Vigdís Hrefna Pálsdóttir leiklesa sjónvarpsleikrit eftir Hrafn Gunnlaugsson.

21:30-22:00**Rafpophljómsveitin Samaris.**

Það verður sannkallað stuð á Bryggjunni þar sem sigurvegarar Músíktílauna 2011 Jónfríður, Þórður Kári og Áslaug Rún spila.

SÖGUSAFNIÐ PERLUNNI, ÖSKJUHLÍÐ.**19:00-24:00****Sprell í Sögusafninu.**

Víkingar sprella við gesti og gangandi. Í Sögusafninu má finna sögufrægar persónur úr Íslandssögunni. Þorir þú að mæta Agli?

TÓNLISTARSAFN ÍSLANDS, HÁBRAUT 2.**20:00-21:00****Bíósýning í Tónlistarsafninu.**

Heimildarmynd um Sveinbjörn Sveinbjörnsson, fyrsta menntaða íslenska tónskáldið, sýnd á stóru tjaldi.

ÞJÓÐMINJASAFN ÍSLANDS, SUÐURGÖTU 41.**19:00-24:00****Nipi & Qaamqsoq Saga.**

Margmiðunarinsetning grænlenka listamannsins Tura Ya Moya og hinnar dönsku Karenar Thastum, NIPI & QAAMQSOQ SAGA / mín saga. Listamennirnir flytja einnig verk með trommudansi, norrænum hljómunum og eigin tónsmíðum kl. 21 & 23.

19:00-21:00**Gerðu þína eigin skyggnu.**

Gerum okkar eigin skyggnu og tökum þátt í innsetningu með þemað „rætur“ sem varpað verður á útvegg safnsins. Gesturinn stígur inn í myndina og verður þannig hluti af verkinu.

22:00-22:30**Píanótónleikar.**

Píanóleikarinn Þórarinn Stefánsson leikur fyrir gesti í Myndasafni Þjóðminjasafnsins.

ÞJÓÐSKJALASAFN ÍSLANDS, LAUGAVEGI 162.**19:00-24:00****Verðlaunagetraun.**

Reyndu að skrifa og lesa gamla skrift.

19:00-21:00**Ættfræðihornið.**

Finndu forfeður í kirkjubókum með aðstoð sérfræðinga Þjóðskjalasafns.

20:00-20:15**Dularfullt líkfundarmál á Austfjörðum.**

Gunnar Örn Hannesson heldur erindi um vélstjórnann frá Aberdeen.

21:00-21:15**Dómar á galdraöld.**

Jón Torfason heldur erindi um embættisfærslu sýslumanna á 17. öld.

21:15-21:45**Orðspor fyrr og nú.**

Magnús Rafnsson sagnfræð-

ingur heldur erindi um Þorleif sýslumann Kortsson og orðspor hans fyrr og nú.

22:15-22:45**Tónlistaratriði.**

Hljómsveitin Ylja stígur á stökk.

23:00-23:15**Draugur í skjalasafni biskups.**

Benedikt Eypórsson flytur erindi um einkennilega atburði í Garpsdal við Gilsfjörð á öndverðri 19. öld.

LISTASAFN REYKJAVÍKUR – ÁSMUNDASAFN, SIGTÚNI.**19:00-19:30****Safnabeltið - í leik og leiðsögn.**

Alma Dís Kristinsdóttir kynnir ýmis spennandi námsverkfæri sem eykur upplifun fjölskyldufólks á sýningum Listasafns Reykjavíkur. Einnig á Kjarvalsstöðum kl. 20 og Hafnarhúsi kl. 21.

23:00-24:00**Dansandi skúlptúrar.**

Nemendur Klassíska listdanskólans túlka áhrif verka Ásmundar Sveinssonar í dansi.

19:00-24:00**Hugsað í formum.**

Endurgerð af vinnustofu Ásmundar þar sem ljósi er varpað á vinnuástöðu hans í Sig-túninu.

19:00-24:00**Homage.**

Innsetning Magnúsar Árnasonar í Kúlu Ásmundarsafns sem vísar í tilraun franska líffræðingsins Louis Pasteur. Magnús ræðir um verkið auk Guðmundar Eggertssonar líffræðings kl. 21.

LISTASAFN REYKJAVÍKUR – KJARVALSSTAÐIR, FLÓKA-GÖTU 5.**19:00-20:00****BYGGINGARLIST – LEIÐSÖGN um Kjarvalsstaði.****19:00-22:00****Prjónakaffi & peysuföt.**

Heimilisíðnaðarfélag Íslands býður upp á prjónakaffi og segir gestum frá á íslensku peysufötunum.

21:00-22:00**Tónleikar: Sundhettarnar.**

Kvenfélagshópur Harmonikkufélags Reykjavíkur tekur nokkur vel valin lög.

22:00-23:00**BYGGINGARLIST – Snøhetta & Kjarvalsstaðir.**

Hugrún Þorsteinsdóttir arkitekt leiðir gesti um sýninguna Snøhetta og byggingu Kjarvalsstaða.

19:00-24:00**Draumlandið mitt í norðri.**

Karen Agnete Þórarinnsson listmálari fylgdi íslenskum eiginmanni frá Kaupmannahöfn á fyrri hluta 20. aldar. Hún hreifst af landi og þjóð og sýndi verk sín víða um land. Listasmíðja fyrir fjölskyldur verður í tengslum við sýninguna.

LISTASAFN REYKJAVÍKUR – HAFNARHÚS, TRYGGVAGÖTU 17.**19:00-24:00****Magnað myrkur - Kristall-að ljós.**

Kristallað ljós stjórnast af

tölvustýrðu forriti með tilliti til innri skynjunar heilans. Samvinnuverk Alexanders Zaklinsky, AuxPan og Leós Stefánssonar. Kl. 23 flytur AuxPan raftónlistargjörnir.

20:00-20:30**Nei! sagði litla skrímslið**

Áslaug Jónsdóttir les upp úr bókinni Nei! Sagði litla skrímslið þar sem fjallað er um vináttu, samskipti og kurteisi, og litla orðið Nei! sem stundum þarf að beita af hörku.

19:00-24:00**Santiago Sierra.**

Róttæk og ögrandi verk sem hneyksla!

HAFNARBORG MENNINGAR- OG LISTAMIÐSTÖÐ HAFNARFJARÐAR, STRANDGÖTU 34.**19:00-24:00****Myndvörpun á framhlið Hafnarborgar.**

Nýtt verk eftir kanadíska myndlistarmanninn og arkitektinn Andrew Burgess.

19:00-24:00**Pétur Gautur í aksjón.**

Vinnustofa með listamanninum Pétri Gaut í tengslum við sýninguna Kyrralíf. Auk þess verður sýningastjóraspall með Þorbjörgu Gunnarsdóttir kl. 20.

19:00-24:00**Samsýning á videóverkum.**

Videóverk eftir Maríu Dalberg, Björk Viggósdóttir, Ástu Ólafsdóttur og Doddu Maggý, Heklu Dögg Jónsdóttur, Monicu Frycovu og Línu Björn.

19:00-20:00**Hafnarborg í öllu sínu veldi.**

Fjölskylduleiðsögn með Auði Vésteinsdóttur um sýningar Hafnarborgar.

21:00-22:00**Pleacer.**

Harpa Björnsdóttir ræðir við gesti um verkin sín sem fjalla um hlutverk og stöðu listamannsins og skilaboðin sem hann ber umhverfi sínu.

21:00-24:00**Á bak við tjöldin.**

Gestir skyggast bak við tjöldin í Hafnarborg og skoða geymslur safnsins í fylgd starfsmanna.

22:00-23:00**Ljúfir tónar í Hafnarborg.**

Sigríður Thorlacius og félagar flytja tónlist í Hafnarborg.

LANDNÁMSSÝNINGIN REYKJAVÍK 871+2, AÐALSTRÆTI 16.**20:00, 21:00, 22:00,****23:00****Leiðsögná Landnáms-sýningunni.**

Hverjir voru helstu ljósgjafar landnámsins og hvaða aðferðum var beitt í baráttunni við myrkið í moldarkofanum?

ÁRBÆJARSAFN, KISTUHYL 4.**19:00-24:00****Horfinn heimur í Árbæjar-safni.**

Boðið upp á leiðsögn þar sem gestum gefst kostur á að ganga inn í fortíðina og upplifa stemninguna á íslenskri kvöldvöku. Heimilisfólk kembir og húsbóndinn kveður rímur.

VIÐEYJARSTOFA, VIÐEY.

21:00-22:30
For a Minor Reflection.

Eigðu notalega stund með vinum og vandamönnum á tónleikum með hljómsveitinni For a Minor Reflection. Gestir greiða tollgjald í ferju.

GLJÚFRASTEINN,
MOSFELLSDAL.**21:00-22:00**
Stofutónleikar.

Hafdis Huld og gítarleikarinn Alisdair Wright frumflytja nýtt efni.

LEIKMINJASAFN ÍSLANDS Í
IÐNÓ, VONARSTRÆTI 3.**20:00 & 22:00**
Leiftur úr leiklistarsögunni.

Gísli Rúnar Jónsson rifjar upp með sínum hætti broslag atvik og litríka einstaklinga í Iðnó fyrri ára.

ÞJÓÐMENNINGARHÚSIÐ,
HVERFISGÖTU 15.**20:00-20:30**
Vestfirskar myrkraverur – upplestur.

Eins og önnur börn fyrr á öldum ólst Jón Sigurðsson upp við krassandi sögur af draugum og drýslum. Sigurður Skúlason leikari les upp frásagnir af vestfirskum myrkraverum í þjóðsögum Jóns Árnasonar.

19:30-22:30
Skrímslasögur.

Leiðsagnarhandrit í boði fyrir fjölskyldur um sýninguna Handritin – saga handrita og hlutverk um aldir, með sögum af skrímslunum Fáfni og Miðgarðsormi.

20:00-22:00
Vatnslistasmiðja: Vofur og vættir.

Allir spreya sig á að mála ógurlega ófreskju undir leiðsögn

Þóreyjar Mjallhvítar. Verðlaun veitt fyrir ferlegustu forynjuna!

22:00-22:30

Myrkir músikdagar – eftirmáli. Tónleikar undir merkjum tónlistarhátíðarinnar Myrkir músikdagar. Anna Jónsdóttir sópransöngkona, Sophie Schoonjans hörpuleikari og Örnólfur Kristjánsson sellóleikari.

21:00-21:30
Leiðsögn um sýninguna Þúsund ár.

Halldór Björn Runólfsson verður með leiðsögn um sýninguna sem sýnir úrval verka eftir íslenska listamenn frá lokum 19. aldar. Börn fá leiðangur á blaði með náttúruþráðum sem rekja má um sýninguna.

19:00-24:00
Spóinn.

Sýning á munnmáludum myndum eftir Eddu Heiðrúnu

Backman þar sem spóinn er í aðalhlutverki. Fuglarnir eru tákmynd frelsis og sjálfstæðis.

19:00-24:00
Þjóðin og náttúran.

Náttúruhlífsmýnd eftir Pál Steingrímsson. Sögupersónur myndarinnar eru auk mannsins, íslenski hundurinn, hesturinn, lundinn, æðarfuglinn, gæsin og selurinn.

BORGARSKJALASAFN
REYKJAVÍKUR, TRYGGVA-
GÖTU 15, 3.HÆÐ.**19:00-20:00**
**Miðbær Reykjavíkur – Alda-
spegill íslenskrar samtíðar.**

Í kvikmyndinni er saga Reykjavíkur rakinn síðustu 100 árin og sýnt hvernig miðbærinn hefur verið vettvangur allra helstu umbreytinga.

19:30 & 20:30
Fléttur, hnútar og pulsar.

Hársnyrtistofan Salahár leið-

beinir gestum með hvernig fléttu skuli hár á ýmsa skemmtilega vegu og kl. 20:30 má læra að gera hnúta og pulsar í hár. Síðhætt fólk á öllum aldri sérstaklega boðið velkomið.

20:00-21:00
Stuttmyndin Listaverk.

Myndin sýnir okkur listmálara að mála mynd við Miklubraut. Höfundur myndarinnar og leikari er Kristberg Óskarsson.

21:30-22:00
Draugasögur í rökkrinu.

Árni Tryggvason, leikari og fyrrverandi starfsmaður Borgarskjalasafns les upp nokkrar draugasögur.

22:00-23:00
Tónlistaratriði.

Snorri Helgason og Hypno leika fyrir gesti.

NORRÆNA HÚSIÐ, STURLU-
GÖTU 1.**19:00-24:00**
2 mínútur.

Regin Weihe Dalsgaard sýnir myndir af grindhvaldrápi í Færeyjum. Þema sýningarinnar eru viðbrögð áhorfenda við grindhvaldrápunum.

19:00-24:00
Veggir.

Samsýning sem tengir saman tvær kynslóðir götulistamanna. Listamennirnir færa listsköpun sína inn í hefðbundnið sýningarrými.

NÁTTÚRUFRÆÐISTOFA
KÓPAVOGS, HAMRABORG 4.**19:00-24:00**
Úr myrkum hafdjúpum

Kjaftagelgjur til sýnis við skuggalegar aðstæður og myndum brugðið á vegg úr myrkum hafdjúpum.

Sundlauganótt

laugardaginn 11. febrúar frá 20 til 24

ÁRBÆJARLAUG, FYLKIS-
VEGI 9.**20:00-21:00**
Rokk og rólegheit í sundi.

Nemendur Tónlistarskóla Árbæjar leika á hljóðfæri undir handleiðslu Hafðísar Bjarnadóttur. Fljótum með tónum Bachs og mönnum okkur fimmhundrað metrana með Metallica.

20:00-24:00
Ljósmyndasýning Pozytywni.

Hið Pólska ljósmyndafélag á Íslandi Pozytywni, sýnir verk sín í Laugardalslaug og Árbæjarlaug. Í verkinu birtist sýn þessa á hóps á Ísland.

21:00-21:15
**Seiðandi VatnsÆvintýri frá
DanceCenter RVK.**

Fimleikar, lyftur, JazzFunk, Street, Hip Hop og Modern í anda gamalla sundlaugardansa þar sem munstur verða gerð í vatninu með tilheyrandi lyftum.

21:30-22:30
White signal.

Drifðu þig í dansgallann... úps, sundskýluna, og komdu á sundlaugarball. White Signal er skipuð 14 til 16 ára tónlistarfólki sem vann Jólalagakeppni Rásar 2, 2011.

23:00-24:00
DJ Proxy Figura.

Hinn fimmtán ára gamli DJ spilar Progressive, House og Electro fyrir sundlaugagesti, eins og honum einum er lagið.

SUNDHÖLL REYKJAVÍKUR,
BARÓNSSTÍG 45A.**20:00-24:00**
Flæði

Sífelld hreyfing, form, hljómur og litaspil Lagarfjótis á mismunandi vegu. Ólöf Björk Bragadóttir myndlistarmaður vann verkið í samstarfi við Sigurð Ingólfsson ljóðskáld.

20:00-24:00
Ljósmyndadagar - Synt í gegnum tíðina.

Kafað í safnkost Ljósmyndasafns Reykjavíkur í Sundhöll Reykjavíkur. Sýndar verða ljósmyndir af sundmenningu þjóðarinnar fyrr og nú.

20:00-24:00
Sundboltar.

Komdu og leiktu þér með sundbolta úr grjóti og timbri.

20:00-21:00
Listamannspjall í heita pottinum.

Hér verður rætt um aðra möguleika í gerð sundbolta en úr plasti og veittar leið-

beiningar um notkun og meðferð þeirra.

21:00-23:00
Í undirdjúpunum.

Kafað í heim raftónlistar þar sem Úlfur Eldjárn, Bára Gísladóttir og Björn Pálmi Pálmason nemendur tónsmíðadeildar Listaháskóla Íslands flytja svítu undir yfirborði vatnsins.

LAUGARDALSLAUG, SUND-
LAUGAVEGI 30.**20:00-21:00**
**Mögnuð danssýning frá
Danslistaskóla JSB.**

Hópur útskriftarnema sýna dansverkin Verslunarferð eftir Þórunni Ylfu, Hugarmein eftir Unu Björg og Spagetti Vestra eftir Katrínu Ingvadóttur.

20:00-21:30
KR Super Challenge.

Tryllt tónlist, sund og stórbrotinn ljósagangur! 8 hröðustu sundmennirnir í hverjum aldursflokk keppa með útsláttarfyrikomulagi í 50 m flugsundi. Allir fá happdrættismiða.

20:00-24:00
Ljósmyndasýning Pozytywni.

Hið Pólska ljósmyndafélag á Íslandi Pozytywni, sýnir verk sín í Laugardalslaug og Ár-



Kyndlar munu lýsa upp Ylströndina í Nauthólsvík á Sundlauganótt.

bæjarlaug. Í verkinu birtist sýn þessa á hóps á Ísland.

21:30-22:30
DJ Proxy Figura.

Hinn fimmtán ára gamli DJ spilar Progressive, House og Electro fyrir sundlaugagesti, eins og honum einum er lagið.

22:30-22:45
**Seiðandi VatnsÆvintýri frá
DanceCenter RVK.**

Fimleikar, lyftur, JazzFunk,

Street, Hip Hop og Modern í anda gamalla sundlaugardansa þar sem munstur verða gerð í vatninu með tilheyrandi lyftum.

23:00-24:00
White signal.

Drifðu þig í dansgallann... úps, sundskýluna, og komdu á sundlaugarball. White Signal er skipuð 14 til 16 ára tónlistarfólki sem vann Jólalagakeppni Rásar 2, 2011.

YLSTRÖND, NAUTHÓLSVÍK.

20:00-24:00
Huggulegheit á Ylströnd.

Notalegheit í heitapottinum. Kyndlar lýsa upp ströndina, vonandi með hjálp stjarna og norðurljósa, verði veðurguðirnir í góðu skapi.

Heimsdagur barna

MENNINGARMÍÐSTÖÐIN
GERÐUBERG OG FRÍSTUNDA-
MÍÐSTÖÐIN MIÐBERG**Laugardaginn 11.**
febrúar kl. 13 - 17

LISTASMÍÐJUR:

Töfrahljóðfæri álfanna

Í álfheimum hafa hljóðfærin töframatt. Komdu og gerðu þín eigin álfahljóðfæri. Smíðjustjóri: Pamela De Sensi

Draumur í dós

Allir eiga sér drauma, en vissir þú að hægt er að geyma þá í dós? Útbúðu þína eigin draumadós. Smíðjustjóri: Þórdís Halla Sigmarsdóttir

Leikbrúðusmiðja álfanna

Snædrottningin hefur hneppt skóginn í álög. Hjálpaðu myrkaálfum að leysa vini sína úr álögum og búðu til þína eigin skuggabruðu. Smíðjustjóri: Guðrún Vera Hjartardóttir

Hrollvekjuhúsið

Þorir þú að koma og banka upp á í hrollvekjuhúsinu og láta ærsladrauga og aðrar myrkraverur hræða úr þér líftórana? Smíðjustjóri: Jón Víðir Jakobsson

Snædrottningar og kóngar

Ævintýralega fögur klæði snædrottningarinnar og snækóningsins glitra í myrkrinu.

Gerðu þinn eigin búning í búningasmíðju hjónanna. Smíðjustjóri: Kristín Þóra Guðbjartsdóttir.

Seiðandi flamenco Minervu

Slepptu fram af þér beislínu í spuna! Töfrar flamencodansins og kraftur afrísku trommunnar breytast í galdur. Smíðjustjóri: Minerva Iglesias

Glitrandi kóngulóarspuni

Kóngulóarvefurinn er listaverk og náttúruundur. Þorir þú að vera kónguló og spinna þinn eigin vef úr endurskinsþræði og perlum í rökkrinu? Smíðjustjóri: Bjargey Ingólfssdóttir

Draugaveiðar

Tími drauganna er runnin upp! Með töfrabrogð og myndavél að vopni föngum við draugana á ljósmynd. Smíðjustjóri: Verena Faisst

Meistari hugans

Vissir þú að hægt er að stjórna tölvuleik með hugarorkunni einni saman? Notum einbeitingu hugans til að beygja skeiðar. Smíðjustjóri: Deepa Lyengar

Óskaloftbelgír

Óskabelgír flytja óskir, von og gæfu til himins á ljóshátíðum um víða veröld. Sendu þínar heitustu óskir óskaloftbelgunum þínum. Smíðjustjóri: Björn Finnsson

Stjörnuregn

Stjörnur sér maður best í mögnuðu myrkri. Sjái maður stjörnuhrap er hægt að óska sér. Búum til okkar eigin óskastjörnu. Smíðjustjóri: Guðmunda Óskarsdóttir

Klakastyttur

Í klakanum búa töfrar, séu þeir leystir úr klakaböndum verða til kristaltær listaverk. Íslandsmeistari í klakaskurði sker út isdrottningu á torginu. Smíðjustjóri: Ottó Magnússon

Möndlusnakk Dimmuborga

Árar rista möndlur yfir potti, ofurfæðu hinna hugrökku. Ilmurinn er lokkandi og árnir berja frá sér alla sem seilast

í góðgætið. Þorir þú? Smíðjustjóri: Ævar Örn Magnússon

Frostrósir og snjókrístar

Frost er á Fróni og þú getur prófað að mála vetrarmyndir á svell. Þegar pappír er lagður á klakann þrykkist spennandi mynd á blaði. Smíðjustjóri: Óli Róbert Hediddeche

LOKAHÁTÍÐ KL. 16-17

Hátíð íss og myrkurs!

Heimsdegi barna lýkur á torginu. Stelpurnar í listasmiðjunni Litrófi frumflytja hljóðverkið Magnað myrkur. Snædrottningar og kóngar víðra klæði sín, leikið verður á nýgerð álfahljóðfær og dansspor verða stigin.



Karl Þórisson og Björgólfur Þorsteinsson kennari með nemendum rafiðnaðardeildar Iðnskólans í Hafnarfirði.

MYND/VILHELM

Tendra sextán ljós á ný

Gestgjörningur verður framinn í Pakkhúsi byggðasafns Hafnarfjarðar föstudaginn 10. febrúar frá klukkan 19 til 24.

Árið 1904 tók fyrsta almenningrafveita Íslands til starfa í Hafnarfirði. Þá voru í fyrsta sinn á Íslandi tendruð ljós í sextán íbúðarhúsum í bænum,“ segir Karl Rúnar Þórisson hjá Byggðasafni Hafnarfjarðar sem heldur utan um viðburðinn Magnað myrkur, sextán ljósa kraftur á Safnanótt. „Þegar við förum að velta fyrir okkur hvað við ættum að taka okkur fyrir hendur á þessum degi datt okkur í hug að

nýta þennan merka viðburð í sögu Hafnarfjarðar,“ útskýrir hann. Það þótti enda viðeigandi í tilefni þema Vetrarhátíðar í ár sem er Magnað myrkur. „Þá fengum við þá hugmynd að hafa samband við Iðnskólann í Hafnarfirði til að fá til liðs við okkur nemendur í rafiðnaðardeild. Þetta þótti okkur tilvalið þar sem markhópur safnanætur er einmitt fólk á aldrinum 14 til 25 ára,“ segir Karl sem hafði samband við Björgólf Þorsteinsson, kennara við skólann, sem tók mjög vel í hugmyndina.

Verkefnið fékk styrk úr safnanæturpotti og hefur heill bekkur í Iðnskólanum unnið hörðum höndum að stórskemmtilegum gjörningi. „Í förum Iðnskólans fannst


gamall rafall og á hann að skírskota til hins upprunalega rafals sem framleiddi rafmagn fyrir fyrstu almenningsrafveituna árið 1904,“ segir Karl en upprunalegi rafallinn er hins vegar of stór og þungur til að nota. Nemendur Iðnskólans hafa þróað nútíma stýribúnað sem tengdur verður við gamla rafalinn. „Á safnanótt geta síðan gestir sem leggja leið sína í Pakkhúsið til að knýja rafalinn og upplifað afl, já eða aflleysi, þessarar gömlu nýsköpunarhugmyndar frá upphafi síðustu aldar,“ segir Karl og bætir við að þarna komi berlega í ljós aflleysi þeirrar nýsköpunar í samburði við ógnarkraft orku samtímans.

● **LJÓSMYNDADAGAR** Ljósmyndasafn Reykjavíkur stendur fyrir metnaðarfullri dagskrá frá klukkan 19 á föstudag fram til klukkan 16 á sunnudag. Meðal annars verður vinningshafi Ljósmyndasamkeppni Ljósmyndadaga heiðraður, Ljósmyndagrein-ing verður í Þjóðminjasafni Íslands og Christophe Lalo, listrænn stjórnandi, mun sýna ljósmyndir frá Ljósmyndahátíðinni Voies Off í Arles í Frakklandi á KEX Hosteli.

Farnar verða nokkrar ljósmyndagöngur á sunnudag: frá Stjörnugróf, um Árbæjarhverfið, Laugarneshverfið, Grafarvog og Breiðholtið.

Nokkrar ljósmyndasýningar standa yfir á Ljósmyndadögum: á Lækjartorgi, í Ráðhúsi Reykjavíkur, Tjarnarbíói og Sundhöll Reykjavíkur.

Allar nánari upplýsingar um dagskrá Ljósmyndadaga er að finna á www.ljosmyndasafnreykjavikur.is



● **LJÓÐUM VARPAÐ Á VALDA GLUGGA** Reykjavík Bókmenntaborg UNESCO mun glæða vetrarmyrkrið lífi í tilefni Vetrarhátíðar með því að varpa ljóðum og skáldskap í bland við myndir af skáldum á vel valda glugga í miðbænum. Staðirnir eru Mokka kaffi á Skólavörðustíg, Laugavegur 11, Trúnó/Barbara á Laugavegi 22, Hressingarskálinn í Austurstræti og biðstöð strætó á Hlemmi.



Sigfús Daðason skáld á Mokka.

LJÓSMYNDASAFN REYKJAVÍKUR

Textarnir eiga það sameiginlegt að takast á við myrkrið og kallast þannig á við þema hátíðarinnar í ár, „Magnað myrkur“. Þeir eru allir eftir þekkt borgarskáld svo sem Stein Steinarr, Dag Sigurðarson,

Ástu Sigurðardóttur og Lindu Vilhjálmssdóttur svo einhver séu nefnd. Skáldagluggar eru samstarfsverkefni Bókmenntaborgarinnar og Gunnars Gunnarssonar. Þeir munu lifa alla Vetrarhátíðina frá fimmtudagskvöldinu 9. febrúar til mánudagsmorguns þann þrettánda.



Góða skemmtun!

MP banki er meginbakhjarl Vetrarhátíðar í Reykjavík



● RÓMANTÍK Í BÍÓ PARADÍS

Kvikmyndirnar Superclásico og Partir verða sýndar í Bíó Paradís að Hverfisgötu 54 í til-efni Vetrarhátíðar.

Superclásico er rómantísk kómedía í leikstjórn Danans Ole Christian Madsen. Hún sló rækilega í gegn í Danmörku í fyrra og var valin framlag Danmerkur til Óskarsverð- launanna. Myndin verður sýnd fimmtudag- inn 9. febrúar klukkan 22. Franska myndin Partir hefur fengið frábæra dóma. Um er að ræða rómantískt drama með Kristin Scott-Thomas í aðalhlutverki. Myndin verður sýnd sunnudaginn 11. febrúar kl. 22.



● LEGÓSÝNING Í RÁÐHÚSINU

Leikjaheimar Lego heitir sýning húsmíðameistarans Guttorms Þorfinnssonar sem verður opnuð í Ráðhúsi Reykjavíkur á föstudag. Þar verður hægt að skoða legó sem hann hefur sank- að að sér síðustu ár og áratugi. „Ég var sjálfur legókarl sem patti en fór ekki að safna þessu fyrr en börnin komu til. Ég fór úr frímerkjunum í legóið og sem betur fer fór þetta úr böndunum enda gaman að þessu,” segir Guttormur.

Hann segist ávallt hafa passað upp á alla legóbæklinga og þannig getur hann sett hlutina saman eins og vera ber en á sýningunni verða meðal annars járnbrautalestir, kastalar, bóndabæir, sjúkrahús, slökkvistöðvar og alls kyns tæknileg. Guttormur hefur fengið tvo unga frændur sína til að aðstoða sig við að koma sýningunni upp en auk þess verður laust legó á staðnum sem gestir geta spreytt sig á að setja saman.

Sýningin er opin frá 10 til 17 á föstudag og 13 til 17 laugardag og sunnudag.



● SVALIR DANSTAKTAR AREA OF STYLEZ

Danshópurinn Area of Stylez sýnir flotta danstakta í Ráðhúsi Reykjavíkur á Vetrarhátíð. Area of Stylez samanstendur af níu hæfileikarík- um strákum sem heilluðu áhorf- endur í dansþættinum Dans, dans, dans á liðnu hausti og komust meðal annars í úrslitaþáttinn. Þeir félagar blanda saman breiki og hipphoppi við bardagataækni með einstaklega áhrifamikilli útkomu. Nokkuð sem dansáhugafólk af öllum kynslóðum má ekki missa af. Area Of Stylez í Ráðhúsinu, Tjarnargötu 11, klukkan 14.30 til 14.40.



FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

● KÍNVERSKT TE OG SVERÐADANS

Unnur Guð- jónsdóttir rekur Tehús Unnar að Njálsgötu 33 a og eru gestir Vetrarhátíðar velkomnir í te- sopa. Tedrykja verður þó ekki það eina sem Unnur býður upp á.

„Ég verð með skemmtiatriði, dansa og syng og fer með ljóð, svo spila ég á kínverska hljóð- færi og sýni kínverska leikfimi. Ég er fyrrverandi dansari og er heilmikil lipurtá enn þá,” segir Unnur og hlær. „Ég ætla jafnvel að dansa sverðadans, þó ég sé auðvitað hrædd um kínversku krukurnar mínar, en hvað gerir maður ekki fyrir fólk sem kemur í te?” Þá ætlar hún að draga upp kristalskúlu og kínverska spápinna og spá fyrir gestum sem það vilja. Unnur opnar dyrnar klukkan 14 á morgun og segir síðasta manni verða hleypt inn kl. 18. „Gestum er þó alveg óhætt að sitja til klukkan 19. Ég hendi engum út.”

RAFMAGNAD SJÓNARSPILÁ HALLGRÍMS- KIRKJU

OPNUNARATHÖFN VETRARRHÁTÍÐAR Í REYKJAVÍK

Vertu með okkur á Skólavörðuholtinu, fyrir framan Hallgrímskirkju, þegar rafmagnað verðlaunaatriði í samkeppni Orkusölnnar og Höfuðborgarstofu verður afhjúpað núna á fimmtudaginn kl. 19:30.

Við lofum góðu stuði, miklu sjónarspili og mögnuðu myrkri.

Hafðu með þér myndavél eða síma og taktu þátt í skemmtilegri ljósmyndasamkeppni á facebook.com/orkusalan.



orkusalan

Orkusalan er styrktaraðili Vetrarhátíðar 2012.

Björnsdóttir

LUXOR